

Uppbyggingaráætlun

Húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði
Bergrisans bs.

Maí 2025

1. Skipan starfshóps, tilgangur, niðurstöður og tillögur
2. Samantekt á lagalegu umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk
3. Húsgerðir
Húsgerðir fyrir íbúðakjarna og húsnæði með stuðningi
4. Yfirlit framboðs á húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans
5. Aðrar aðgerðir sem varða uppbyggingaráætlunina
6. Mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og forgangsöröðun
Staðsetning í áfanga I
7. Niðurstaða starfshóps

Bergrisinn bs. er byggðasamlag sem stofnað var skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi á starfssvæði eftirtalinna sveitarfélaga skv. samþykktum byggðasamlagsins: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Innan Bergrisans bs. eru fimm félags- og velferðarþjónustusvæði sem starfa við veitingu þjónustu í umboði byggðasamlagsins: Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Þjónusturáð: Ráðið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og gerir tillögur vegna stærri ákvarðana og stefnumörkunar til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað fimm yfirmönnum í málaflokki fatlaðs fólks á fyrrgreindum félags- og velferðarþjónustusvæðum.

Fagteymi: Teymið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu þeirra til þjónusturáðs. Í fagteymi sitja fulltrúar fyrrgreindra félags- og velferðarþjónustusvæða og er skipað af þjónusturáði á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

1. Skipan starfshóps, tilgangur, niðurstöður og tillögur

Á 61. fundi stjórnar Bergrisans bs. var samþykkt tillaga þess efnis að unnin yrði uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans bs. þar sem lagt yrði heildstætt mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og lögð til forgangsöröðun uppbyggingar með það að markmiði að fatlað fólk geti búið í öruggu húsnæði við hæfi á viðráðanlegu verði. Með erindisbréfi var skipaður starfshópur um verkefnið.

Starfshópurinn skipaður:

Kjörnir fulltrúar: Helga Lind Pálsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Erla Sif Markúsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Kristján Sigurmundsson

Fagaðilar: Eyrún Hafþórsdóttir, Erna Harðar Sólveigardóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir

Ábyrgðamaður og verkefnastjóri: Íris Ellertsdóttir

Starfsmenn: Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri Bergrisans og Jóhanna Margrét Einarsdóttir, ráðgjafarþroskabjálfi Bergrisans

Helstu verkefni:

- Samantekt um lagalegt umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk
- Leggja mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og forgangsöröðun
- Gerð tillagna að staðsetningu húsnæðis á grundvelli dreifingar húsnæðis fyrir fatlað fólk með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun
- Frumkostnaðarmat út frá þjónustupáttum húsnæðisins
- Áætla rekstrarkostnað á húsnæði fyrir fatlað fólk

Í heildina leggur starfshópurinn til uppbyggingu á 42 íbúðum. Einnig þarf að gera ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í hverjum íbúðakjarna.

Lagt er til að áætlunin verði endurskoðuð árlega og stjórn Bergrisans upplýst um stöðu verkefnisins með hliðsjón af biðlistum og árangri Bergrisans við að útvega húsnæði fyrir fatlað fólk.

Áætlunin nær til ársins 2035.

2. Samantekt á lagalegu umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk

Lögum samkvæmt ber Bergrisanum að tryggja fötluðu fólki framboð af viðeigandi húsnæði en þau lög og reglugerðir sem eiga við um húsnæði fyrir fatlað fólk eru:

- Lög um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018
- Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054 / 2010 með síðari breytingum
- Reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370 /2016 með síðari breytingum
- Reglugerð um biðlista, forgangsörðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr.1035/2018

Jafnframt skal samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður að leiðarljósi í þjónustu við fatlað fólk sem er alþjóðlegur milliríkjasamningur með það markmið að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra.

Í 9. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er fjallað um rétt fatlaðs fólks í samræmi við þarfir þess:

Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lög um húsnæðismál og lög um almennar íbúðir, eftir því sem við á. Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Óheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi. Ráðherra setur reglugerð um sérstök húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, m.a. um fjölda samliggjandi íbúða, einkarými, viðbótarrými vegna fötlunar og sameiginleg rými.

Með hliðsjón af rétti fatlaðs fólks til að velja sér búsetustað getur einstaklingur sótt um búsetu hjá öðru sveitarfélagi en lögheimilis sveitarfélagi. Þar af leiðandi getur komið upp sú staða að einstaklingur óski eftir þjónustu og húsnæði hjá fleiru en einu sveitarfélagi.

Í reglugerð nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk er fjallað í 3. gr. um viðmið um fjölda íbúða sem ber að lúta. Sá fjöldi miðast við að ekki séu fleiri en 6 íbúðir samliggjandi á hæð eða stigagangi og að hámarki 10 í sama húsi, en ekki fleiri en 7 ef um er að ræða heimili með sameiginlegri aðstöðu.

Reglur Bergrisans um félagslegt leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk tóku gildi þann 27.05.2024. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Um er að ræða íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í:

a) Sérækt húsnæði fyrir fatlað fólk

Ætlað því fólki sem ekki er á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði vegna fötlunar og þarf umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

b) Húsnæði með stuðningi

Ætlað því fólki sem ekki er á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði vegna fötlunar og þarf nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

3. Húsgæðir

Það er stefna Bergrisans að allt fatlað fólk hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands aðildarsveitarfélaga Bergrisans. Í aðalskipulagi sveitarfélaga er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarfélaga um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Stefna sem er sett fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti. Deiliskipulag er nánari útfærsla á aðalskipulagi fyrir einstök svæði eða reit. Í deiliskipulagi er kveðið á um byggðamynstur, húsgæðir, landmótun, starfsemi, lóðarmörk o.fl. Æskilegt er að við vinnslu deiliskipulaga nýrra hverfa í aðildarsveitarfélögum Bergrisans bs. verði gert ráð fyrir og reitir skilgreindir fyrir íbúðir/íbúðakjarna ætluðu fötluðu fólk. Náð samstarf þarf að vera á milli Bergrisans og sveitarfélaga í upphafi og í gegnum skipulagsferli til að tryggja að þörfum einstaklinga/úrræða verði rétt mætt.

Íbúðakjarni og húsnæði með stuðningi

Íbúðakjarni samanstendur af nokkrum íbúðum í sama húsnæði. Í mörgum íbúðakjörnum er sameiginlegt rými með stofu, þvottahúsi, geymslu og eldhúsi en í öðrum íbúðakjörnum er ekkert sameiginlegt rými annað en starfsmannaaðstaða.

Húsgæðir fyrir íbúðakjarna og húsnæði með stuðningi

Stakstætt hús á einni hæð með starfsmannarými og 6 íbúðum

- Það tekur allt að tveimur árum frá því að aðilum hefur verið lofuð lóð þangað til að þeir afhenda kjarnann til Bergrisans til notkunar.

Fjölbýlishús þar sem eru 7 íbúðir samliggjandi og ein íbúð notuð sem starfsmannaaðstaða.

- Ef hægt er að kaupa íbúðir sem eru samliggjandi þá getur þetta ferli tekið mjög stuttan tíma.

Fjölbýlishús þar sem eru íbúðir dreifðar um húsíð

- Húsnæði með stuðningi þar sem fengin er stoðþjónusta utan frá fyrir íbúa. Engin næturvakt.

4. Yfirlit framboðs á húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans

Á starfssvæði Bergrisans bs. eru 79 sértæk íbúðarrými. Um er að ræða 4 herbergjasambýli, 5 íbúðakjarna og stakstæðar íbúðir.


Sértæk húsnæði eru staðsett í Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hveragerðisbæ og í Ölfusi.

Málaflokkur fatlaðs fólks færðist frá ríki til sveitarfélaga árið 2011. Frá þeim tíma hefur Bergrisin bs. úthlutað 8 nýjum íbúðum. Nú síðast var byggður íbúðakjarni með 6 íbúðum í sveitarfélaginu Árborg.

5. Aðrar aðgerðir sem varða uppbyggingaráætlunina

Aukning hefur orðið í stoðþjónustu og í NPA þjónustu sem er mjög jákvætt þar sem það er þjónustuform/þjónustuleið sem stuðlar að því að ná fram markmiðum um að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi. Sértæk uppbygging húsnæðis er þannig fyrst og fremst til þeirra sem þurfa nánd starfsfólks hluta úr sólaringi eða allan sólaringinn.

6. Mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og forgangsroðun



Í lok árs 2024 voru 45 einstaklingar á bið eftir íbúðarhúsnæði. Þar af voru 34 einstaklingar á bið eftir húsnæði án milliflutnings. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum. Áætlunin skal endurskoðuð árlega. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 segir í bráðabirgðaákvæði nr. II „Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.“ Þarf því að horfa sérstaklega til þess að einstaklingar sem búa á herbergjasambýlum fái kost á því að búa í íbúð. Vinna þarf að því með sveitarfélögum og sjálfstæðum rekstraraðilum.

Í áfanga I-II er lögð áhersla á biðlista eins og hann er nú en í áfanga III er horft til íbúaþróunar :

- Áfangi I (2025-2027) gerir ráð fyrir 2 íbúðakjörnum með 6 íbúðum. Samtals 12 íbúðir með sólarhringsþjónustu
 - Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður vegna búsetukjarna eru 180 m.kr. eða samtals 360 m.kr. í áfanga I (rekstrarkostnaður frá og með áramótum 26/27)
 - Miðað við núverandi laga- og rekstrarumhverfi er rekstrargrundvöllur fyrir áfanga I
- Áfangi II (2028-2030) gerir ráð fyrir 1 íbúðakjarna með 6 íbúðum með sólarhringsþjónustu. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um niðurlagningu herbergjasambýlis. Í áfanganum er jafnframt gert ráð fyrir allt að 6 íbúðum sem falla að húsnæði með stuðningi. Unnið verður með sjálfstæðum aðilum með það að markmiði að fötluðu fólki gefist kostur á að búa í íbúðum.
 - Samtals 12 íbúðir
 - 6 með sólarhringsþjónustu
 - 6 íbúðir með stuðningi
 - Í áfanga II er áætluð tilfærsla á rekstrarkostnaði frá herbergjasambýli til reksturs þjónustu í íbúðakjarna. Árlegur viðbótarrekstrarkostnaður er því áætlaður 100 m.kr. vegna áfanga II
 - Miðað við núverandi laga- og rekstrarumhverfi er rekstrargrundvöllur fyrir áfanga II

- Áfangi III (2031-2035) gerir ráð fyrir að lágmarki tveimur íbúðakjörnum með sex íbúðum með sólhringsþjónustu. Að auki er gert ráð fyrir allt að 6 íbúðum með stuðningi. Þarna er horft til núverandi biðlista ásamt íbúaspá.
 - Samtals 18 íbúðir
 - 12 íbúðir með sólhringsþjónustu
 - 6 íbúðir með stuðningi
 - Áfangi III er ekki fjármagnaður

Samtals er gert ráð fyrir 42 nýjum íbúðum í áföngum I-III.

Staðsetning í áfanga I

Þegar samspil þarfa á biðlista er skoðað þá er þörfin sem segir:

- Íbúðakjarni staðsettur á Hvolsvelli með 6 íbúðum og starfsmannarými
- Íbúðakjarni staðsettur á þjónustuvæði Árnesþings eða Árborgar

Send verður út könnun til einstaklinga á biðlista til að fá betri innsýn á óskir viðkomandi aðila um búsetu.

Mikilvægt er að endurskoða staðsetningarpörf áður en ráðist er í íbúðakjarna númer tvö í áfanga I.

Helstu áhættuþáttur: Framboð lóða

7. Niðurstaða starfshóps

Starfshópur leggur til að Bergrisanum bs. verði falið að útvega 42 íbúðir auk starfsmannaaðstöðu. Í heildina er um að ræða 5 íbúðakjarna þar sem eru að lágmarki 6 íbúðir og að hámarki 7 auk 12 íbúða með stuðningi.

Starfshópurinn leggur til að Bergrisinn endurskoði áætlunina árlega og upplýsi sveitarfélög um gang hennar. Þessi endurskoðun gefur Bergrisanum tækifæri til að bregðast við óvæntum breytingum sem geta orðið á biðlistum eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.

Lagt er til að starfsmenn Bergrisans eigi virkt samráð við sveitarfélög um kortlagningu staðsetningar húsnæðis fyrir fatlað fólk og skal uppbygging húsnæðisúrræða taka mið af margbreytileika í íbúðasamsetningu. Sú hugmyndafræði byggir á kenningum um félagsauð og gildi hans í samfélaginu.

Lagt er til að sveitarfélög taki mið af þessari húsnæðisáætlun.

Telja má að með því að standa við tímamörk þeirrar uppbyggingar sem hér hefur verið lögð til megi koma biðlistum í ásættanlegt horf fyrir lok áætlunarinnar.